

**18. Norrænu vinadagar Soroptimista, Reykjavík
6.-7. júní 2008**

Yfirlýsing

Ráðstefnan ***Umbreytum tilverunni – Aukum völd kvenna og stúlkna*** fjallar um málefni sem snerta konur um allan heim. Sem félagar í Alþjóðasambandi Soroptimista (Soroptimist International) viljum við draga fram nokkur áhersluatriði úr heildarstefnu Soroptimista á heimsvísu í ritinu *Where we stand*.

Konur í ákvarðanatöku

Alþjóðasamband Soroptimista styður heilshugar þróun í þá átt að konur komi að ákvarðanatöku og sambandið leitast við að losa um þær hindranir sem standa í vegi fyrir framgangi kvenna í samfélaginu. Soroptimistar vilja benda á að jafnræði í ákvarðanatöku er nauðsynlegt til að auka völd kvenna og til þess að ná jafnræði og sjálfbærri nýtingu á gæðum heimsins. Soroptimistar hvetja ríkisstjórnir, sveitarfélög og frjáls félagasamtök til að innleiða blöndun og kynjajafnvægi í stofnunum og nefndum á vegum ríkisins, á sviði almennra stjórnunarstarfa og innan réttarkerfisins.

Norrænir Soroptimistar hvetja ríkisstjórnir hvers lands til að:

- Setja vel skilgreind markmið og tímasetningar ásamt því að innleiða aðgerðir til að fjölga konum umtalsvert við ákvarðanatöku;
- Hvetja til meiri virkni kvenna meðal frumbyggja og minnihlutahópa í ákvarðanatöku á öllum sviðum.

Mansal

Soroptimistar hafa miklar áhyggjur af skelfilegri aukningu á mansali, sérstaklega verslun með konur og börn, og fordæma þessa alþjóðlegu glæpastarfsemi sem er gróft brot á mannréttindum. Soroptimistar gera sér grein fyrir því að þessir glæpir eru orðnir of umfangsmiklir til að ríkisstjórnir einstakra landa geti barist gegn þeim og því hvetjum við til alþjóðlegrar samvinnu sem leiðir til þess að glæpamennirnir séu sóttir til saka.

Norrænir Soroptimistar hvetja ríkisstjórnir hvers lands til að:

- Upplýsa um mansal og efla vitundarvakningu um það á öllum stigum samfélagsins;
- Styrkja og endurhæfa fórnarlömb mansals með því að veita þeim húsaskjól, læknishjálp og sálfræðilega ráðgjöf, auk upplýsinga um lagalegan rétt þeirra;
- Veita fórnarlömbum aðstoð við að leita réttar síns gagnvart þeim sem á þeim brjóta;
- Beita þá hörðum refsingum sem uppvísir eru að mansali.

Norrænir Soroptimistar hvetja ríkisstjórnir til að undirrita og fullgilda samninga og innleiða allar aðgerðir sem beinast gegn mansali innan kynlífsiðnaðarins og mansali til nauðungarvinnu. Við hvetjum ríkisstjórnir til að endurskoða lagasetningar og setja á laggirnar umfangsmikla stefnumótun, fræðsluáætlanir og aðrar aðgerðir til að koma í veg fyrir mansal.

Ásgerður Kjartansdóttir (sign.)
Forseti Soroptimistasambands Íslands

Thea Dalsgaard (sign.)
Forseti Soroptimistasambands Danmerkur

Annika Sajalinna (sign.)
Forseti Soroptimistasambands Finnlands

Solveig Haug Urdal (sign.)
Forseti Soroptimistasambands Noregs

Lis Palm (sign.)
Forseti Soroptimistasambands Svíþjóðar